

Endurgreiðslufjárhæð vegna endurbóta- og viðhaldsvinnu á árinu 1990, sbr. 1. mgr., skal breytt til samræmis við mismun lánskjaravísitölu endurgreiðslumánaðar og meðallánskjaravísitölu ársins 1990.

Fjármálaráðuneytið, 15. nóvember 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Bjarnveig Eiríksdóttir.

AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, hefur yfirfasteignamat snefnd ákveðið framreiknistuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins fram til 1. nóvember s.l. Nefndin hefur ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

- Matsverð fasteigna á landinu öllu hækki um 12% og verði framreiknistuðull samkvæmt því 1,12. Undanskildar eru þó eftirtaldar fasteignir, sbr. staflíð b.
- Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða í Kjalarneshreppi, annarra en á bújörðum, hækki um 20% og framreiknistuðull samkvæmt því verði 1,20.
- Við framreikning á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningu samkvæmt reglum um einstakar tegundir fasteigna.
- Ofangreind hækkun fasteignamats er miðuð við fasteignamatsskrár matsverð fasteignamatsskrá þeirri sem gildi tók 1. desember 1989 ásamt síðari breytingum ákvæðnum af Fasteignamati ríkisins og yfirfasteignamatssnefnd.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hafa verið samdar nýjar fasteignamatsskrár, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreiknistuðlum sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu og með hliðsjón af þeim afskriftareglum sem gilda um hinar ýmsu tegundir fasteigna. Hinar nýju fasteignamatsskrár innihalda einnig þær matsbreytingar er Fasteignamat ríkisins hefur gert á einstökum eignum svo sem við endurskoðun á eldra mati og vegna úrskurða á kærur er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats eins og það hefur verið ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignamatsskrár munu liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík, frá og með 1. desember n.k. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

Með vísun til laga nr. 94/1976 tilkynnir ráðuneytið hér með að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestum skráum Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. desember 1990.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 545 20. nóvember 1989.

Fjármálaráðuneytið, 16. nóvember 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Björn Hafsteinsson.